

Fréttatilkynning:

Viðhald á dælustöð við Arnarnesvog í dag 15. Nóvember 2018

Í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis verður dælustöðin við Arnarnesvog sett á yfirfall vegna viðhalds í dag fimmtudaginn 15. nóvember. Verkefnið í dag er að botnhreinsa þrýstiturn í dælustöðinni vegna væntanlegrar hreinsunar á þrýstilögn sem áætluð er 22. nóvember nk. Nánari upplýsingar um það verða birtar síðar.

Ráðleggingar til íbúa

Ekki er talið ráðlegt að stunda sjóhöð eða fjöruferðir við Arnarnesvog meðan stöðin er á yfirfalli í dag fimmtudaginn 15. nóvember. Gert er ráð fyrir að viðhald á dælustöðinni standi yfir fram eftir degi en tilkynnt verður um það á vef Garðabæjar þegar því er lokið.

Starfsmenn Garðabæjar munu fylgjast með framgangi verksins og hafa eftirlit með fjörum eins og kostur er.